



## Fundur í byggingar- og skipulagsnefnd Fljótisdalshrepps 26. mars 2021.

### Fundurinn er símafundur.

Fundarmenn í síma eru: Eiríkur J. Kjerúlf formaður, Helga H. Vigfúsdóttir, Jón Þór Þorvarðarson og Sveinn Þórarinsson, byggingarfulltrúi.

#### 1. Höllustaðir.

Lagðir fram uppdrættir frá Verkráði af gestahúsi á lóðinni og sótt um byggingarleyfi. Íbúðarhúsið er enn í vinnslu. Gestahúsið er byggt sem íbúðarhúsnæði. Byggingin er einnar hæðar timburhús úr timbureiningum á stauraundirstöðum. Útveggir eru úr 45x145 timburgrind, klæddri með 9 mm krossvið að utanverðu og 12mm spónaplötum að innanverðu. Húsið er klætt að utan með gæsagráu bárujárnri. Innveggir eru byggðir upp með timburgrind klæddir með spónaplötum beggja vegna. Þakið er sperrubak með 25° halla. Þak er klætt með grænu (Ral 6020) bárujárnri. Helstu stærðir: Brúttó flatarmál 51,6 m<sup>2</sup> og brúttó rúmmál 149,2 m<sup>3</sup>. Byggingar- og skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti að veita byggingarleyfi fyrir framkvæmdinni.

#### 2. Breyting á aðalskipulagi vegna námu og efnistöku úr áreyrum Grjótár.

Á fundi 12. febrúar samþykkti byggingar- og skipulagsnefnd fyrir sitt leyti framlagða breytingu á aðalskipulaginu og vísaði málinu í frekara kynningar- og afgreiðsluferli. Í framhaldi komu eftirfarandi spurningar frá Skipulagsstofnun:

*Skipulagsstofnun hefur farið yfir óverulega breytingu á aðalskipulagi vegna efnistökusvæðis við Grjótá. Til að stofnunin geti tekið afstöðu til málsmeðferðar óverulegrar breytingar þarf að gera grein fyrir stærð efnistökusvæðisins og lýsa staðháttum á efnistökusvæðinu s.s. hvort aðeins er um að ræða þegar raskað land vegna fyrri efnistöku á svæðinu eða hvort efnistaka fari fram á óröskuðu landi. Ekki er getið um hvort fiskur lifir í ánni eða hvort leitað hafi verið umsagna vegna efnistökkunnar á vinnslutíma tillögunnar eða hvort það verði gert áður en framkvæmdaleyfi verður veitt. Auk þess þarf að liggja fyrir hvort um er að ræða efnistökusvæði sem aðeins er ætlað til tímabundinnar notkunar vegna endurbóta á vegi eða hvort um er að ræða varanlegt efnistökusvæði. Gera þarf grein fyrir hvernig gengið verður frá efnistökusvæðinu að efnistöku lokinni s.s. varðandi landmótun og gróðurfar á svæðinu.*

Þessu var svarað á eftirfarandi hátt:

- Flatarmál efnistökusvæðisins er 20.000 m<sup>2</sup> og reiknað er með að yfirborði verði raskað á um helmingi þess.
- Efnistakan fer fram síðla sumars árin 2021 og 2022. Hluti efnisins verður nýttur síðla sumars árin 2021 og 2022 en hluti efnisins verður haugsettur í jaðri efnistökusvæðisins til síðari nota.
- Svæðið, gróðurlitlar áreyrar, er raskað vegna efnistöku á byggingartíma Kárahnjúkavirkjunar.
- Varðandi frágang að efnistöku lokinni þá er miðað við að Grjótá geti, eins og áður, runnið um og yfir efnistökusvæðið í flóðum og þannig fær svæðið náttúrulega ásýnd að nýju að framkvæmdum loknum.
- Áður en framkvæmdir hefjast verði sótt um leyfi frá Fiskistofu í samræmi við lög um lax og silungsveiði nr. 61/2006. Þeirri leyfisumsókn mun fylgja umsögn sérfræðings um möguleg áhrif á lífríki. Efnistaka í námunni er háð framkvæmdaleyfi frá Fljótisdalshreppi.

### 3. Sturluflöt.

Búið er að rífa og fjarlægja gamla íbúðarhúsið sem byggt var 1936 og afskrá það úr fasteignaskrá.

Sveinn Ingimarsson hefur í hyggju að koma sér upp vatnsaflsvirkjun á jörðinni og nýta orku hennar til eigin nota þ.e. upphitunar, ljós ofl. Ríkiseignir eiga jörðina og hefur Sveinn fengið leyfi þeirra til framkvæmdanna sbr. eftirfarandi útskrift:

*Ríkiseignir geta heimilað slíka heimavirkjun með skilyrði um að slíkt sé einnig samþykkt af sveitarfélaginu/byggingarfulltrúa. Vakin er athyggli á því að landeigandi áskilur sér rétt til innheimtu sérstaks auðlindagjalds af virkjunum sem eru ætlaðar til endursölu rafmagns til þriðja aðila, s.s. inná dreyfikerfi landsnets, til nágranna o.s.fv., en ekkert gjald er tekið sé orkan eingöngu til eigin nota á jörðinni.*

*Með kveðju, Marvin Ívarsson*

Byggingar- og skipulagsnefnd fagnar fyrirhugaðri framkvæmd og samþykkir hana fyrir sitt leyti. Nefndin tekur fram að framkvæmdin er tilkynningarskyld og jafnvel byggingarleyfisskyld allt eftir því hvernig og hversu viðamikil mannvirki hennar verða.

### 4. Leiðrétting á lið 3 í fundargerð frá 12. febrúar sl.

Í fundargerðinni kemur fram að smáhýsi sem eru innan við 15 m<sup>2</sup> og eru undanþegin byggingarleyfi (sjá grein 2.3.5 g-lið. Smáhýsi á lóð) eigi vera án vatns- og raflagna. Þetta ákvæði var fellt út úr byggingarreglugerð 2016 og nú er heimilt að þessi smáhýsi séu með vatns- og raflögnum.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 18:00.

Fundarritari: Sveinn Þórarinnsson, Eiríkur J. Kjerúlf,  
Helga H. Vigfúsdóttir, Jón Þór Þorvarðarson